

**77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.**

1866.  
18. sept.

Í bréfi dagsettu 12. októbermán. f. á. skoraði dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, að ganga ríkt eptir, að þeir 770 rd., sem enn voru ógoldnir af láni því, 1000 rd. að upphæð, sem veitt var rentulaust í fjáráukalögnum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60, vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu og Gullbringusýslu, væru borgaðir fyrir 31. marzmán. þ. á. Nú höfum vör sæð á reikningnum um jarðabókarsjóð Íslands fyrir fjárhagsárið 1865—66, að á því fjárhagsári hefir ekki verið borgað meira uppí lánid en svo, að við lok fjárhagsársins stóðu enn eptir 692 rd. Sæu dregnir frá þessari upphæð þeir 72 rd., sem sjá má á útdrætti úr reikningi jarðabókarsjóðsins fyrir hálfmissirið frá 1. aprílmán. til 30. júnímán. þ. á., að seinna hafa borgaðir verið, þá verður sú niðurstaðan, að 620 rd. eru enn óborgaðir.

Útaf þessu eruð þér nú beðnir, herra stiptamtmaður, að sjá svo um, að eptirstöðvarnar af láni þessu verði heimtar saman án frekari undandrátta með málssóku hjá hverjum hreppi fyrir sig, sem fengið hefir hluta af láninu. Vör vonumst eptir að fá með fyrstu ferð gufupóstskipsins hingað að ári skýrslu um, hverjar ráðstafanir þér gjörðir samkvæmt þessu, og eruð þér einnig beðnir um að senda stjórnarráðinu um leið nákvæman reikning um, hversu mikið hver hreppur um sig hefir fengið af láninu, hversu mikið hefir verið borgað uppí það, og hversu mikið þá standi eptir, ef það verður ekki þá allt borgað.

**78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald fyrir flutning á víði að Möðruvalla klausturs kirkju.**

26. sept.

Með bréfi dagsettu 2. aprílmán. þ. á. hafði þér, herra amtmaður, sent hingað bréf með fylgiskjali frá umboðshaldara



1866.

26. sept.

Möðruvalla klausturs kirkju, þar sem hann skýrir frá, að bændurnir í Möðruvalla klausturs sókn hafi kostað 250 ríkisdöllum til viðarflutninga að kirkjunni, og af því þeim naumast verði gjört að skyldu að hafa allan þenna kostnað einsamlir, hefir hann sókt um, að borga megi helminginn af honum, 125 rd., úr sjóði kirkjunnar. Þær hafð nú bæði bedið um samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær hafð leyft að borga megi 95 rd. af kostnaði þessum úr sjóði kirkjunnar, og líka skotið til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort ástæða sè til að láta kirkjuna taka að sér ennþá meira af flutningskostnaðinum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þær birtið það og gjörið ráðstafanir þær sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að borga megi bændunum helminginn af kostnaði þeim, sem hér ræðir um, alis 125 rd., úr Möðruvalla klausturs kirkjusjóði.

29. sept.

**79. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir að flytja svenskan sjómann úr Skagafjarðar sýslu til Reykjavíkur, og þaðan til Kaupmannahafnar.**

Í skjali, sem hingað hefir borizt, hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi farið fram á, að stjórnarráðið skipi svo fyrir, að bæjarfógetinn í Reykjavík fái endurgoldna úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins 111 rd. 24 sk., sem hann hefir borgað til viðurværis handa svenskum sjómanni, Oskari Karlssyni, í Reykjavík veturinn 1864 og 1865, og fyrir að flytja hann til Kaupmannahafnar; hafði hann verið sendur til Reykjavíkur úr Skagafjarðar sýslu. Stiptamtmaðurinn hefir þar að auki sent stjórnarráðinu bréf frá yður, herra amtmaður, til sín, dagsett 4. janúarmán. þ. á., þar sem þær hafð færzt undan að greiða fè þetta, af því að málefnið að yðar hyggju alls ekki ná til jafnaðarsjóðs norður- og austurumdæmisins.

Um leið og þess skal getið, að úkvarðanirnar í 4—1—9 í